

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda á árinu 1983 á gjaldstofn ársins 1982.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.**Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Nr. 45.

11. maí 1982.

LÖG**um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. tl. 3. gr. laganna breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „jafnvirði 13.2 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi: jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.

2. gr.

Við 3. gr. bætist nýr tölulíður, 8. tl., sem hljóði svo:

Að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir 55% af láni, er félagið tekur og í heild nemur allt að 6 milljónum bandaríkjadollara eða jafngildi þess í annarri mynt, ásamt vöxtum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.**Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.